

## L Ö G

32

13. marz

um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nóbelsverðlaun Halldórs Kiljans Laxness skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. marz 1956.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## FORSETA BRÉF

33

28. marz

um þinglausnir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 75. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 28. marz 1956.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

*Gjört í Reykjavík, 28. marz 1956.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## AUGLÝSING

34

3. apríl

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 28. marz var undirritað í Reykjavík samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Danmerkur, er gildir fyrir tímabilið 15. marz 1956 til 14. marz 1957.

Samkvæmt samkomulagi þessu munu dönsk stjórnarvöld veita innflutningsleyfi fyrir íslenskum vörum á svipaðan hátt og áður hefur tíðkast og íslensk stjórnarvöld munu einnig heimila innflutning frá Danmörku eins og að unndanfögnu að svo miklu leyti, sem gjaldeyrisástand landsins leyfir.

34      Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.  
3. apríl

*Utánríkisráðuneytið, 3. apríl 1956.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

35  
4. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 8. marz 1954, um váttryggingasamninga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2.—3. másl. 2. mgr. 133. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka jafnframt gildi aftur þau ákvæði í lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, og lögum nr. 103 23. des. 1952, um breyt. á siðarnefndu lögunum, sem felld voru úr gildi með lögum nr. 20 1954.

*Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

36  
4. apríl

## L Ö G

um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsg.::

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en  $\frac{2}{5}$  hlutum af kostnaðarverði tækjanna.